

Guðný Zoëga

Skógar í Fnjóskadal

Fornleifarannsókn vegna Vaðlaheiðargangna



Bygðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2011/112



© Guðný Zoëga/Byggðasafn Skagfirðinga
2011/112

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Fornleifarannsókn 2010.....	4
Skógar í Fnjóskadal.....	4
<i>Skurður 1 í bæjarhól</i>	<i>5</i>
<i>Skurður 2</i>	<i>6</i>
<i>Skurður 3.....</i>	<i>7</i>
<i>Skurður 4.....</i>	<i>8</i>
<i>Skurður 5.....</i>	<i>8</i>
<i>Skurður 6.....</i>	<i>9</i>
<i>Skurður 7.....</i>	<i>10</i>
<i>Skurður 8.....</i>	<i>11</i>
<i>Skurður 9.....</i>	<i>11</i>
<i>Skurður 10.....</i>	<i>12</i>
<i>Athugun á brunni sunnanvert í bæjarhóli.....</i>	<i>12</i>
Samantekt	13
Gamla bæjarstæðið.....	13
Minjar utan bæjarstæðis.....	14
Umfjöllun	14
Niðurlag	16
Listi yfir borkjarna:.....	17

Inngangur

Vegna fyrirhugaðra jarðgangna undir Vaðlaheiði milli Svalbarðsstrandar í Svalbarðsstrandahreppi og Fnjóskadals í Þingeyjasveit og vegaframkvæmda þeim tengdum var gerð fornleifarannsókn á jörðinni Skógum í Hálshreppi, að beiðni Vegagerðarinnar. Fornleifaskráning fór fram vegna framkvæmdarinnar 2006 og var það úrskurður Minjavarðar Norðurlands vestra að rannsaka þyrfti nánar með fornleifarannsókn sex þeirra fornleifa sem skráðar höfðu verið.

Fornleifarannsóknin fór fram dagana 18.-22. nóvember 2010. Alls voru grafnir 10 könnunarskurðir í minjarnar til að greina aldur þeirra og eðli. Fjórir þessara skurða voru teknir í meintan bæjarhól til að freista þess að greina útmörk hans. Einnig voru teknir skurðir í tvær tóftir, aðra [nr. 9 í skýrslu] í túni en hina [nr. 13] utan túns, rétt [nr. 10] og túngarð [nr. 8].

Legu jarðgangnanna hafði verið breytt síðan að fornleifaskráningin fór fram þannig að bæjarhóll, sem áður var í nokkurri fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu var kominn inn fyrir útmörk veglínu samkvæmt teikningu frá Vegagerðinni. Könnunarskurðir voru teknir með tilliti til útlína framkvæmdasvæðis samkvæmt þeirri teikningu. Í framhaldi af rannsóknunum var legu gangnanna breytt þannig að þau færðust ofar í hlíðina frá bæjarhólnum. Hættumat vegna framkvæmda verður því haft í samræmi við seinustu útgáfu veglínunnar. Við færslu gangnanna ofar í hlíðina mun lenda inni á framkvæmdasvæðinu fjárhústóft (Skógar 153331-78-5 í skráningarskýrslu) sem ekki var skoðuð við rannsóknina þar sem hún var þá utan framkvæmdasvæðis.

Þrír starfsmenn Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga komu að verkinu, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga fornleifafræðingar og Bryndís Zoëga landfræðingur.

Eigendum jarðarinnar Skóga er þakkað góðfúslegt leyfi til rannsókna og hreppsnefnd Hálsahrepps eru þökkuð afnot af Skógahúsinu.

Aðferðarfræði

Minjar voru mældar upp með Trimble Pro-Xr staðsetningartæki með um 50sm skekkjumörkum. Hnitakerfi sem stuðst er við er Isn93.

Kjarnabor var notaður til að gera forkönnun á mögulegum mannvistarleifum í bæjarhólnum. Könnunarskurðir voru svo gerðir þar sem að mannvistarleifar komu fram í borkjörnum við útmörk þess sem virtist gera verið bæjarhóll á yfirborði. Könnunarskurðir voru að mestu teknir með smágröfu en handgrafið þar sem talið var að gætu verið heillegar byggingaleifar. Snið skurðanna voru mæld og teiknuð upp og þau ljósmynduð.

Þeir fáu gripir sem fundust við rannsóknina voru allir úr yngstu byggingarlögum nærri yfirborði en lista yfir þá er að finna aftast í skýrslu.

Aldur minja var metinn út frá gjóskulögum. Þar sem gjóska liggur óhreyfð yfir mannvistarlögum má meta aldur leifanna út frá því. Gjóskulinsur sem oft finnast í torfi gefa einnig hugmynd um það hvenær torf kann að hafa verið tekið. Magnús Sigurgeirsson, jarðfræðingur, greindi gjóskusýni sem tekin voru. Helst var þar að nefna gráa gjósku sem lá yfir stórum hluta bæjarstæðisins og reyndist vera úr Veiðivötnum frá 1477 (Vv1477). Neðan þess var að finna gráa gjósku sem lá meðal annars yfir torfi í túngarði og hluta bæjarhóls. Sú gjóska var greind sem gjósku úr Heklu frá 1300 (H1300). Neðan hennar var að finna ljósa þunna gjósku sem líklegt má telja að sé úr Heklu frá 1104 (H1104). Neðst í tveimur skurðanna var að finna tvískipt gjóskulag, svokallað landnámslag (Lnl) og neðan þess þykkt gulleitt forsögulegt gjóskulag úr Heklu (H3).

Fornleifarannsókn 2010



Mynd 1. Skógar í Fnjóskadal. Horft til austurs yfir rannsóknarsvæðið frá könnunarskurðum í geitakofatóft .


Skógar í Fnjóskadal

Skóga er fyrst getið í heimildum frá 1454.¹ Seinasti torfærinn brann í nóvember 1908 og stóð hann nokkru ofar en núverandi íbúðarhús sem reistur var sama ár.² Neðst í brekku um 100m vestur (ofan) við íbúðarhúsið og um 40m vestur af fjárhúsi/hlöðu er um 50x40m slétt og mjög gróið svæði, sem sker sig nokkuð úr umhverfinu vegna gróðurfars. Það má því ætla að hinn eiginlegi bæjarhóll sé á þessum stað.

Alls voru grafnir 10 könnunarskurðir í bæjarstæði [2] og aðrar minjar. Fjórir skurðanna voru teknir í áætlað bæjarstæði, þrír skurðir voru teknir í tóft geitakofa [13] ofarlega í brekku ofan túngarðs, könnunarskurður var gerður í túngarðinn [8] sunnan bæjarhólsins og annar í gegn um réttartóft [10] og hluta túngarðs beint ofan bæjarstæðis. Skurður var svo einnig tekinn í tóft [9] sem lá ofan bæjarstæðisins en neðan túngarðsins.

¹ Fornbréfasafn Íslands V, 119.

² Úttektar-, uppskriftar-, og uppboðsbók fyrir Hálshrepp. Héraðsskjalasafn Þingeyinga HRP 39-2, bls 432-438.



Mynd 2. Yfirlitsmynd sem sýnir staðsetningu könnunarskurða.

Tafla 1. Minjarnar sem rannsakaðar voru

Númer í skráningar-skýrslu	Tegund minja	Norðun	Austun
Skógar 153331-78-2	Bæjarhóll	549646,015	581468,028
Skógar 153331-78-8	Túngarður	549648,751	581389,980
Skógar 153331-78-9	Tóft	549617,565	581454,301
Skógar 153331-78-10	Rétt (?)	549597,348	581456,669
Skógar 153331-78-11	Brunnur	549635,408	581437,495
Skógar 153331-78-13	Geitakofi	549574,563	581421,683

Skurður 1 – sjá teikningu 1 aftast í skýrslu

Sniðteikning:

Skurður 1 var tekinn þar sem ætlað var að væri nyrsti hluti bæjarstæðisins. Hann var 7m langur, 60sm breiður og 1m á breidd.

Undir grasrót [1] eru fokmoldarlög. Lag [4] er einsleitt en þó með votti af mannvist, lag [5] er með koladreif. Undir þessum lögum liggur í vesturhluta skurðar rótað moldarlag með

nokkru af kolum [7] og undir austurenda þess er um 10sm þykkt kolalag [8]. Lög [9], [10] og [12] eru allt rótuð mannvistarlög sem liggja upp að og að hluta ofan á lagskiptu torfi [11]. Lagskipta torfið [11] er þykkast í austurenda skurðar og verið getur að þar hafi verið torfveggur sem hrunið hefur til vesturs, eða að sléttað hafi verið úr honum. Veggurinn liggur ofan á lagi [14] sem er rótað rauðbrúnt lag með nokkru af H3, en þunnt, óhreyft fokmoldarlag [13] liggur á milli laganna að hluta.

Gjóska

Neðst í skurðinum kom fram tvískipt grágrænleitt og dökkt gjóskulag, líklega svokallað landsnámslag. Ljós þunn gjóska, líklega H1104, (um 3mm þykk) lá eftir endilöngum skurðinum undir mannvistarlögum [12], [13] og [14]. Lagið er heilt vestast í skurði en slitróttara austantil. Undir því var fokmoldarlag [15] sem í var koladreif. Dökk gjóska, H1477, liggur ofanvert í skurðinum yfir öllum mannvistarlögum öðrum en seinni tíma niðurgreftri [2] í austurhluta skurðar.

Túlkun:

Neðst í skurðinum var rótað mannvistarlag sem líklega hefur verið sett niður til að slétta út flöt undir byggingu (byggingar). Austast í skurði var lagskipt torf sem líklega er veggjatorf en veggurinn hefur fallið til vesturs eða að sléttað hefur verið úr honum. Engin gólfög var að finna í skurðinum þannig að ef torfveggurinn hefur tilheyrt byggingu þá liggur hún austan við skurðinn. Önnur mannvistarlög í sniðinu eru rótuð og virtust benda til að sléttað hafi verið úr byggingum. Dálítið af kolum var að finna í þessum rótuðu lögum en þó virtist ekki um eiginleg ruslalög að ræða nema mögulega lag [7].

Austast í skurðinum eru óveruleg merki um seinni tíma jarðvegsframkvæmdir en annars liggja öll lögin undir Vv1477. Ljóst þunnt gjóskulag (líklega H1104) lá neðst í skurði en neðan þess vottaði fyrir mannvist sem bendir til að þarna hefur verið byggð fyrir þann tíma en þau hús sem þá hafa staðið hafa verið annarsstaðar á bæjarstæðinu.

Skurður 2 – sjá teikningu 2 aftast í skýrslu

Sniðteikning:

Skurður 2 var tekinn um 20m sunnar en skurður 1. Hann var 5m langur, 60sm breiður og 1m á dýpt.

Í skurðinum voru meira eða minna rótuð jarðlög. Efst undir grasrót voru tveir 20. aldar niðurgreftir [2] og [3] sem í fundust m.a. rúðugler og galvaniseraður nagli. Efst var að finna fremur einsleitt blandað lag [4] en undir því rótað en þó fremur lagskipt lag [5] með áberandi linsum af móösku, torfleifum, kolum, brenndum beinum og ösku. Neðst í lagi [5] er kolalag [6], nokkuð laust í sér með stórum kolamolum. Lagið er þykkast austast en þynnist út og hverfur fyrir miðjum skurði. Það virðist fremur vera ruslalag en gólfag. Þar undir er lagskipt fokmoldarlag [7] með smágerðum beinasalla og koladreif. Þar neðan við lá dökkt, þjappað lag [8] sem í voru leifar af brenndum og óbrenndum beinum og kolum. Lagið virtist einna helst líkjast gólfi. Neðan lagsins var rótað fokmoldarlag [9] sem lá ofan á rótuðu torflagi [10]. Torflagið lá eftir skurðinum endilöngum en hvarf í vesturenda hans. Austast í skurðinum virtist þetta torflag verða lagskiptara [11] sem gæti bent til þess að þar hafi verið torfveggur. Neðst í skurðinum kom svo dökk lagskipt fokmold [12] með koladreif. Neðan hennar vestanvert í skurðinum var svo rótað gulleitt uppmoksturslag [13] með miklu af H3

gjóskunni. Lagið líkist samskonar lögum sem oft má greina undir veggjum bygginga, og hafa líklega verið til að slétta út flöt undir vegg. Ekki var greinilegur torfveggur ofan þessa lags en vera kann að bygging hafi legið rétt vestan skurðarins en í skurði 4 sem lá um 7m ofan (vestan) skurðar 2 komu fram leifar gamals torfs neðst í austurhluta hans sem kann að tengjast þessu.

Gjóska

Gráleit gjóska, Vv 1477 liggur yfir öllum mannvistarlögum öðrum en [1] og [4]. Grafið er niður fyrir gráu gjóskuna á tveimur stöðum [2] og [3]. Í austanverðum skurðinum, um 30sm neðan við gráu gjóskuna voru slittrur af annarri gráleitri gjósku, H1300, sem sást á um 50sm kafla. Óvist er hvort hún hefur legið þar óhreyfð. Beint undir torfi [10] og [11] lá þunnt ljóst gjóskulag, líklega frá Heklu 1104. Undir þeirri gjósku var um 6sm þykkt fokmoldarlag með koladreif. Neðan þess var svo þunnt gulleitt fokmoldalag en neðan þess tvískipt gjóska, líklega landnámslagið.

Túlkun:

Lögin í sniðinu virðast flest öll mjög rótuð en þó vottar fyrir reglulegu torfi í austurenda skurðar. Í vesturenda er jarðlag sem virðist vera til að slétta undir vegg en eiginlegur veggur var ekki greinanlegur, enda var þar nýlegur niðurgröftur. Þarna eru þó þykk mannvistarlög frá því fyrir 1477 og einnig vottar fyrir mannvist undir ljósri gjósku, líklega 1104 laginu.

Skurður 3 – sjá teikningu 3 aftast í skýrslu

Sniðteikning - suðursnið:

Skurður 3 var tekinn syðst á svæði sem talið var geta verið gamli bæjarhóllinn. Skurðurinn var 3m langur, 60sm breiður og um 1,5m djúpur.

Efstu lögin undir grasrót [1] voru allt rótuð rusla- og malarlög. Efsta lagið [2] var um 70sm þykkt rótað lag með grófri mól, mold og rusli. Er líklega hluti vegar sem hefur verið lagður upp bæjarhóllinn. Undir því var annað rótað lag [3] með nokkru af kolum, brenndum og óbrenndum beinum. Neðst í því vestanvert í skurði sást í mjög kolaríkt ruslslag með viðar- og beinaleifum. Öll þessi lög báru með sér að vera seinni tíma jarðrask. Undir þessum lögum í vesturenda skurðar komu hinsvegar fram eldri mannvistarlög. Efst var torfveggur [5] um 30sm þykkur í vestur skammsniði en hann virðist hafa hrunið til austurs. Veggurinn var með Landnámssyrpunni (LnL) en ekki var hægt að greina önnur gjóskulög með vissu. Undir torfveggnum voru uppmoksturs- og rótuð torflög [6], [7] og [8]. Lögin voru rík af H3 líktust samskonar lögum sem oft virðast vera notuð til að slétta undir vegg bygginga. Lögin virtust hafa legið upp að steini sem sést í sniði og samskonar steina var að sjá í sniðinu á móti. Vera kann að einföld steinaröð hafi verið við austurbrún upphækkunarinnar. Austan við stein sem afmarkar rótuðu torflögin var samskonar lag [9] og lög [6-8] en virtist lagskiptara.

Gjóska

Enga gjósku var að finna óhreyfða ofan á mannvistarlögum í skurðinum en neðst í skurði voru tvö gjóskulög dökkt lag og ljósara grænleitt lag nokkrum millimetrum ofan þess. Þessi lög sáust víðar og voru greind sem Landnámssyrpan (LnL á teikningum).

Túlkun:

Stærstur hluti laga í skurðinum tengdist seinni tíma jarðvinnslu en þó komu fram leifar torfveggjar sem sléttað hefur verið undir með því að bæta þar við jarðvegi. Bæjarstæðið hefur

staðið í nokkurri brekku og því eðlilegt að hækka hafi þurft land til að slétta undir vegg. Einföld grjótröð virðist hafa afmarkað eystri brún upphækkunarinnar. Tilheyri veggurinn byggingu hefur hún legið vestan við enda skurðar. Samskonar torf kom fram í skurði 2 sem lá um 10m norðan við skurð 3 en þar var torfið rótaðra. Engin gólflög var að finna í skurðinum.

Skurður 4 – sjá teikningu 4 aftast í skýrslu

Skurður 4 var tekinn efst (vestast) í áætlaðan bæjarhól. Einhverjar mishæðir voru sýnilegar á yfirborði en útlínur þeirra voru mjög óljósar sökum mikillar sinu.

Sniðteiknin-suðursnið:

Vestast í sniði, undir grasrót [1] kom fram stæðilegur torfveggur [3]. Í veggnum mátti greina dökkgráa gjósku, líklega Vv1477. Utanvert í honum að vestan kom fram grjóthleðsla og hefur hún haft a.m.k. tvö umför af grjóti. Undir veggnum voru leifar eldri byggingar. Beint undir veggnum var þétt lag [4] með ösku og rótuðu torfi en einnig var sandur ofan- og neðanvert í laginu. Undir því lagi var lag [5] með rótuðu torfi og kolum. Það lá ofan á þéttu dökku lagi [6], mögulega gólflagi. Gólflagið lá inn í vestur skammsnið skurðarins. Torfveggurinn lá einnig ofan á því sem virtust leifar eldstæðis [8]. Efst voru brenndir steinar en kolalag undir þeim. Ekki var grafið frekar niður í eldstæðið. Sitthvoru megin við eldstæðið var niðurgroftur [7] sem virtist liggja undir því. Austan megin við torfvegginn, undir grasrót var svo þykkt rótað lag [2] sem í var mikið af torflefum, hverskyns rusli og brenndum viðarleifum. Undir því voru leifar gólflags [9] sem var þétt og kolaborið. Undir gólfinu var rótað torflag [10] með miklu af H3. Austast í skurðinum var grjóthleðsla sem ekki var hróflað við.

Ekki var farið niður fyrir grjót í botni skurðar nema á smá kafla þar sem rof var í grjóthleðsluna (sem lá í botni skurðar) austarlega [lag 10] í skurði þar sem að komið var niður á óhreyfð jarðlög.

Gjóska

Engin gjóskulög voru yfir mannvistarlögum í sniði.

Túlkun:

Greinilegt var að þarna var um íbúðarhús manna að ræða fremur en útihús einhverskonar. Torfveggurinn, grjóthleðslur og aðrar leifar bera með sér að þarna sé líklega um að ræða seinasta torfbæinn, þann sem brann 1908. Mikið var af mold sem í voru brenndar viðarleifar og var greinilegt að leifum bæjarins hefur verið rutt út og bæjarstæðið sléttað. Torfveggurinn lá ofan á leifum eldri húsa en ekki var grafið niður úr þeim lögum. Hinsvegar var grafið niður úr mannvistarlögum austast í skurðinum og kom þar fram neðst gult rótað torflag líkt og var greinanlegt neðarlega í hinum skurðunum og tilheyrir líklega elstu byggingaskeiðum bæjarhólsins. Ekki er hægt að fullyrða hversu mörg byggingastig kunna að leynast undir yngri bæjarleifunum en þar má búast við mjög fornum byggingaleifum.

Skurður 5 – sjá teikningu 5 aftast í skýrslu

Skurður 5 var tekinn í tóft (*Númer í skráningarskýrslu 153331-78-9*) sem liggur um 20m ofan við bæjarhólinn og um 13m neðan túngarðs. Tóftin var nokkuð illgreinanleg vegna sinu og veggir ógreinilegir. Tóftin er algróin, um 3x3m að innanmáli og eru dyr mót austri. Breidd

veggja er mest um 60sm og eru þeir breiðastir mót vestri, þeirri hlið sem snýr upp í brekkuna. Hæð veggja er um 45sm.

Sniðteikning:

Skurðurinn var tekinn norður-suður í gegn um norðurvegg tóftarinnar. Skurðurinn var 3m á lengd, 60sm á breidd og 1m djúpur í syðri endann en 50sm í nyrðri enda.

Undir grasrót [1] var rótað lag [2] sem í voru leifar af torfi, H3 gjóskunni og grárri gjósku. Leifar veggjar voru yfir miðjum skurði. Neðri hluti veggjar var tvöföld með tveimur umferðum af grjóti en torfið úr veggnum [3] hefur hrunið bæði út úr (til N) og inn í (til S) tóftina. Í því var að finna gráa gjósku og slitrur af H3. Uppi við grjóthleðsluna að norðan var niðurgröftur [4]. Norðan niðurgraftarins var lag [5] sem í var mikið af kolum, móösku og viðarösku en annars var grunnt niður á óhreyfð lög. Inni í tóftinni var rótað torflag [6] sem lá undir hruni úr torfveggnum. Neðan þess var svo svart, þétt, gólflag [7], um 3sm á þykkt sem lá beint ofan á móhellu. Flatir steinar voru í gólfluginu í suðaustur horni skurðar.

Gjóska

Enga gjósku var að sjá yfir jarðlögum í skurðinum.

Túlkun:

Tóftin var nokkuð ógreinileg á yfirborði en hún virtist ekki ýkja stór rétt um 3x3m að innanmáli. Dyr kunna að hafa vitað til austurs. Tekinn var kjarnabor austan við tóftina en þar komu engin mannvistarlög fram. Gólfið í tóftinni bendir til að þar hafi verið brennt og kunna þetta að vera leifar reykkofta eða útihlóa einhverskonar.

Skurður 6 – sjá teikningu 6 aftast í skýrslu

Skurðurinn var tekinn í tóft réttar [nr. 10 í skráningarskýrslu], líklega af rétt sem lá áföst túngarðinum [nr. 8 í skráningarskýrslu] að vestan (ofan). Túngarðurinn liggur eftir brekkubrún ofan bæjarstæðisins og er dálítill slétta ofan hans. Garðurinn er mjög óljós og jarðsokkinn og veggir tóftarinnar voru líka ógreinilegir vegna mikillar sinu. Réttin virðist hafa verið um 7x5m að innanmáli með hlið til suðurs. Skurðurinn var tekinn frá austri til vesturs í gegn um túngarðinn og vestari langvegg tóftarinnar.

Sniðteikning-suðursnið:

Skurðurinn var alls 9,5m langur, 60sm breiður og mest um 1,5m djúpur.

Efstu lögin í skurðinum voru fylling í niðurgreftri, lög [2-5]. Efsta lagið í niðurgreftrinum [2] var ruslslag með nokkru af óbrenndum beinaleifum og kolum. Neðan þess var öskulag [3] með brenndum beinum. Austast í niðurgreftrinum var lagskiptara torf [4] en neðst í niðurgreftrinum var rótaðra torflag [5]. Niðurgröfturinn var í gegn um fokmoldarlag [6] með smásteinum sem lá efst í skurðinum endilöngum. Fyrir miðjum skurði, undir niðurgreftrinum var lag [7] með rótuðu torfi. Undir því var svo þynnra fokmoldarlag [10]. Það lag lá yfir hruni úr torfvegg [11] sem greinilegur var austanvert í skurðinum. Í veggnum var mikið af dökkgrárra gjósku. Vestarlega í skurðinum voru leifar torfveggjar [8] sem hefur hrunið að hluta til austurs en var annars nokkuð stæðilegur. Grjót hefur verið beggja vegna í undirstöðum veggjarins. Í veggnum var að finna dökkgráa gjósku, samskonar og í vegg [11]. Undir veggnum var lag [9] sem virtist vera leifar skriðu en í laginu voru sandur og möl. Lagið lá svo ofan á fokmoldarlaginu [12] sem greina mátti neðarlega í endilöngum skurðinum.

Efri hluti lagsins hefur var rótaðra og þar var að finna slitrur af H3 gjóskunni. Í austurenda skurðar lá lagið ofan á eldri leifum torfveggjar [14]. Sá veggur var mjög óverulegur en líklega hefur skurðurinn rétt náð inn í útbrún hans. Rótuð torflag [13] liggur að hluta ofan á og til vesturs frá veggnum. Í torfveggnum var H3 gjóskan og dökk gjóska sem líktist einna helst landnámssyrpunni. Undir veggnum og lagi [13] var rótað lag með stórum flekkjum af H3, líklega fylling undir vegg.

Gjóska:

Grá gjóska, H1300, lá eftir endilöngum skurðinum beint undir torfveggjum [8] og [11]. Hún lá ofan á rótuðu fokmoldarlagi [12] og leifum eldri torfveggjar í austurenda skurðar.

Túlkun:

Í skurðinum komu fram leifar túngarðsveggjar í austurenda og réttarveggjar í vesturenda. Torfið í túngarðinum er tvískipt. Neðst er gulleitt veggjatorf í hnausum og virðist einföld grjótröð hafa markað útbrún veggjarins. Ofar er yngri torfveggur með grárri gjósku (H1300) en gjóskan liggur á sínum stað milli þess veggjar og rótaðrar fokmoldar sem liggur ofan eldra garðsins. Það virðist því sem að nokkur tími hafi liðið milli þessara tveggja byggingaskeiða í garðinum. Veggur réttarinnar sem byggð hefur verið upp við garðinn er með samskonar torfi og efra byggingaskeiðið í túngarðsveggnum. Réttin virðist því samtíma yngra byggingarskeiði túngarðsins. Ekkert gólflag var að finna í réttinni en greinilegt er að einhvern tímann hefur verið grafið ofan í réttina og þar fleygt rusli. Ruslalögin voru rétt undir grasrót og því er niðurgröfturinn varla mjög gamall.

Skurður 7 – sjá teikninu 7 aftast í skýrslu

Skurður 7 var tekinn í túngarðinn ofan túns en sunnan gamla bæjarhólsins neðan við brekku.

Sniðteikning-suðursnið:

Skurðurinn lá austur-vestur, var 2m á lengd, 60sm breiður og 1m á dýpt. Efst, undir grasrót [1] var óhreyft dökkt lífrænt lag [2]. Undir því var torf úr túngarðsveggnum, [4] seinna byggingarskeiði. Torfið var um 20sm þykkt, en veggurinn hefur hrunið til austurs [3]. Undir túngarðinum og hruninu var um 2-3c, þykkt óhreyft fokmoldarlag [5] en neðst í því óhreyfð dökkgrá gjóska sem lá yfir óhreyfðu fokmoldarlagi [6] og beint yfir efsta hluta veggjar stæðilegum torfvegg [7] um 40sm á hæð. Í torfinu var nokkuð af H3 og dökkri gjósku, e.t.v. landnámssyrpunni. Dökka óhreyfða gjóskan lá yfir veggnum en 2sm lag af óhreyfðri fokmold lá milli eldri hluta garðsins og gjóskunnar. Erfitt var að greina nákvæmlega neðri mörk garðsins þar sem að neðst í skurðinum seytleði mikið vatn úr jarðveginum voru neðstu 20sm skurðarins fljótlega fullir af vatni.

Gjóska

Dökka gjóskan sem lá ofan eldra byggingarskeiðs garðsins og í torfi í því yngra var greind sem H1300.

Túlkun:

Líkt og í skurði 6 komu fram tvö byggingaskeið í túngarðinum. Hinsvegar var eldra byggingarskeiðið mun þykkara í þessum skurði en skurði 6. Einnig var fokmoldarlag á milli byggingaskeiða þynnra en í skurði 6. Eldra byggingarskeið túngarðsins virðist nokkuð fornt þar sem að fokmold liggur milli torfsins í veggnum og H1300. Nokkur tími hefur svo einnig

liðið frá því að eldri garðurinn var aflagður þar til að hann var hlaðinn upp á nýtt þar sem að um 2sm þykkt fokmoldarlag lá ofan á H1300 gjóskunni en undir yngra torfinu í veggnum.

Skurður 8 – sjá teikningu 8 aftast í skýrslu

Skurður 8 var einn þriggja skurða sem teknir voru í tóft geitakofa. Tóftin er á stalli í brekkunni ofan túns, um 180 m í vestnorðvestur frá íbúðarhúsinu er tóft. Hún var hulin þykkri sinu og sá hvergi í grjóthleðslur. Dyr snúa mót austri. Utanmál tóftar er 7,5x4,5 m. Breidd veggja var um 2m á yfirborði og hæð þeirra 1,10 m Tóftin stendur á því sem virtist vera nokkur upphækkun.

Sniðteikning - norðursnið:

Skurðurinn var tekinn rétt austan við austur langhlið tóftarinnar en þar virtist tóftin standa á nokkurri upphækkun og var skurðurinn tekinn til að freista þess að greina hvort fleiri byggingastig væri að finna. Skurðurinn var 3m langur, 60sm breiður og 1m á dýpt. Undir grasrót [1] kom fram um 20sm þykkt fokmoldarlag [2]. Neðan þess var moldarblandað lag [3] með rótuðu torfi og H3. Neðan þess í austurenda kom fram þykkt torflag [4], hrun úr vegg. Í torfinu var H3 en ekki aðra gjósku að sjá. Undir hruninu í vesturenda skurðar kom fram einföld röð af grjóti sem virðist hafa legið við neðri útbrúnar veggjar. Undir steininum var rótaður jarðvegur líklega frá því að steininum var komið þar fyrir. Neðst í skurði ofan á náttúrulegum jarðlögum var síðan rótað torflag [5] sem í var mikið af H3 og landnámssyrpunni. Austast í skurði var að finna niðurgröft [6] sem í var rótaður jarðvegur. Neðst í skurði var að finna náttúruleg jarðlög en efst í þeim var að finna dökka gjósku sem vera kann landnámssyrpan.

Gjóska

Engin gjóska lá yfir jarðlögum í skurðinum en neðst í honum var að finna landnámssyrpuna.

Túlkun:

Vestasti hluti skurðar kom inn í útbrún veggjar tóftarinnar sem sést á yfirborði en greinilegt er að veggir hennar hafa hrunið niður brekkuna, til austurs. Engin gjóska var ofan á veggjahruninu og torfið virkaði heldur einsleitt og lítill litamunur á því. Það var þó enn mjög rótarríkt og virkaði ekki ýkja fornt. Undir torfinu kom fram lag af rótuðu torfi/jarðvegi sem virkaði eldri. Hafi þar verið um eldri vegg að ræða virtist hann hafa verið sléttaður út. Ekki er loka fyrir það skotið að rótaða neðra torflagið hafi verið sléttað undir bygginguna en hún stendur í nokkurri brekku.

Skurður 9 – sjá teikningu 9 aftast í skýrslu

Skurðurinn var tekinn í utanverðan vegg í skammhlið geitakofatóftar. Hann snéri norður-suður 3m langur, 60sm breiður og mest um 60sm á dýpt.

Sniðteikning-vestursnið

Veggur tóftarinnar [4] kom fram í norðurenda skurðar. Hann hefur hrunið að nokkru til suðurs því rót [3] úr veggnum lá suður af honum. Í torfinu var að finna H3 og dökka gjósku, mögulega Vv 1477. Ofan á veggnum að innanverðu var einfalt lag af grjóti, sem ekki virtist úr eiginlegri hleðslu, en grjótið lá einnig að hluta inni í tóftinni. Grjótið var á yfirborði og erfitt að gera sér grein fyrir hvað tilgangi það hefur þjónað því að það hefur þá legið ofan á

veggnum. hann hefur greinilega Neðst undir torfveggnum var einfalt lag af hleðslugrjóti. Undir grjótinu neðst í veggnum var að finna um 20sm að lagskiptum en hreyfður jarðlögum [6]. Lögin liggja beint undir veggnum en lítið út fyrir hann, sem kann að benda til að sléttað hafi verið undir hann Undir grasrót [1] sunnan garðs var þykkt lag af fokmold [2] sem lá ofan á fremur sléttu lagi af rótaðri mold [5] Undir því voru tvö rótaðri lög. Það efra [7] liggur eftir endilöngum skurðinum en það neðra [3] einungis í hluta skurðar. Mun meira er af rótuðu H3 var í neðra laginu.

Gjóska

Enga gjósku var að finna óhreyfða yfir jarðlögum í skurðinum.

Túlkun:

Í skurðinum kom fram veggur tóftarinnar sem kemur fram á yfirborði. Veggir hennar eru að mestu úr torfi en neðsti hlutinn einfalt grjótlag. Undir veggnum eru lög sem líkjast því einna helst að jarðvegi hafi verið mokað undir bygginguna til að hún stæði á sléttum grundvelli.

Skurður 10 – sjá teikningu 10 aftast í skýrslu

Skurður 10 var tekinn í vestur langvegg geitakofatóftarinnar. Veggurinn lá ofar í brekkunni og var þar mun jarðgrynnra en austan tóftarinnar.

Sniðteikning - suðursnið:

Efst undir grasrót [1] var fokmoldarlag. Fokmoldin var allt upp í 20sm þykk ofan á hruni úr tóftarveggnum [3]. Hann var um 30sm þykkur og lá ofan á einföldu grjótlagi líkt og sjá mátti í veggnum að sunnan í skurði 9. Engin merki voru um eldri lög undir steinaröðinni. Innan í byggingunni undir fokmoldarlaginu [2] Var rótað torflag [4], líklega hrun úr tóftaveggnum og/eða þaki byggingarinnar. Undir því var svo lagskipt 10sm þykk lífrænt gólflag [5]. Örpunn öskulinsa var að finna í gólflaganu en annars benti lagið fremur til útihúss en til íveruhúss. Utan tóftar undir fokmoldarlaginu [2] var að finna rótað jarðlag [6] með torfi og stórum linsum af H3, líktist einhverskonar uppmokstri fremur en hruni úr vegg. Austast fer lagið niður á við þar sem að grafið hefur verið niður fyrir steinlögninni.

Gjóska

Enga gjósku var að finna óhreyfða yfir jarðlögum í skurðinum.

Túlkun:

Veggurinn benti einungis til eins byggingastigs. Húsið hefur verið byggt þvert á brekkuna að hluta niðurgrafið að ofan (vestan) en hlaðið undir það að austan, neðar í brekkunni. Gólflög innan húss benda til skepnuhúss en kjarnabor var stungið niður á tveimur stöðum í gólfið og gáfu þeir sömu niðurstöður.

Athugun á brunni sunnanvert í bæjarhóli.

Við fornleifaskráninguna 2005 var skráður brunnur vestanvert í bæjarhólnum. Brunnurinn var fergður með timbri og grjóti og var gerð hans ekki áætluð nánar í það skipti. Minjavörður Norðurlands vestra gerði kröfu um að brunnurinn yrði kannaður nánar og var það gert. Timbur og grjót voru fjarlægð og kom þá í ljós ferkantaður steypdur brunnur um metri á kant. Ekki var hægt að sjá eldri hleðslu eða annað sem bent gæti til aldurs brunnsins og var hann ekki rannsakaður frekar.

Samantekt

Gamla bæjarstæðið

Þegar fornleifaskráningin var gerð var vitað að bæjarstæðið hafði áður staðið ofar en núverandi íbúðarhús stendur. Ekki var nákvæm vitneskja um hvar það hefði verið en neðst í brekkunni ofan bæjar var sléttur flati þar sem greina mátti ójöfnur en enga augljósa veggir var þar að sjá. Líklegast þótti að þarna hefði bærinn staðið. Erfitt var að meta umfang bæjarstæðisins sökum mjög mikillar sinu og einnig hefur verið sléttað úr byggingaleifum á yfirborði.

Fyrsta skref rannsóknarinnar var að reyna að meta útmörk bæjarhólsins með því að taka kjarnabora í hann með skipulögðum hætti. Borkjarnar gáfu til kynna að umfang bæjarstæðisins kynni að vera nokkru meira en áætlað hafði verið við skráninguna.

Alls voru teknir fjórir könnunarskurðir á bæjarstæðinu. Fyrsti könnunarskurðurinn var tekinn nyrst á bæjarstæðinu þar sem kjarnabor hafði bent til fornra mannvistarlaga. Miðað við að skurðurinn var tekinn þar sem að virtust vera útmörk bæjarhólsins voru mannvistarlög þykk í öllum skurðinum. Ekki virtist sem að farið hefði verið í gegn um eiginlegar byggingar en vísbendingar voru um veggjatorf sem virtist hafa verið rutt um. Stærstur hluti þessara mannvistarlaga er frá því fyrir 1477 en vísbendingar voru um að þarna væru byggðaleifar frá því um og fyrir 1100.

Skurður 2 var tekinn um 10m sunnan við skurð 1, þar sem ætlað var að gæti verið austur útmörk bæjarstæðisins. Líkt og í skurði 1 komu fram þykk mannvistarlög í skurðinum undir gjósku frá 1477. Greinilegt var í vesturenda skurðar hafði verið gerður sléttur flötur, líklega undir byggingu. Hrunið hleðslutorf er einnig neðst í skurði austantil. Annars virtust önnur mannvistarlög í skurðinum vera ruslalög eða rótuð mannvistarlög.

Þriðji skurðurinn var tekinn syðst í bæjarhólnum en þar var greinilegt að mól hafði verið borin í hann, líklega fyrir vegslóða upp brekkuna. Í skurðinum vestanverðum komu fram leifar torfveggjar en að öðru leyti var þar einungis að finna seinni tíma ruslalög.

Fjórði skurðurinn var svo tekinn vestast á svæðinu sem áætlað var bæjarstæðið. Þar kom fram rétt undir yfirborði umfangsmiklar byggingaleifar sem tilheyra líklega torfbænum sem brann 1908. Yngsti bærinn virðist því hafa staðið efst og syðst á bæjarhólnum en leifar yngri bygginga voru ekki sýnilegar í hinum skurðunum. Miðað við það að borkjarni tekinn ofar í brekkunni gaf einungis rótuð ruslalög til kynna, kann að vera að veggurinn sem fram kom í skurðinum sé hluti af vestari langhlið bæjarins og útmörk hans liggi því þar.

Bæjarstæðið hefur legið í nokkrum halla neðst í brekku ofan núverandi túns. Af þeim jarðlögum sem greinanleg voru í skurðum virðist ljóst að svæðið hefur verið sléttað til þess að minnka hallann í brekkunni undir þær byggingar sem þar hafa staðið. Grá gjóska (Vv1477) liggur óhreyfð yfir þykkum mannvistarlögum í tveimur skurðanna og kunna hús á

þeim hluta bæjarstæðisins að hafa verið jöfnuð áður en að sú gjóska féll. Þó kunna óhreyfðar byggingar að liggja utan skurðanna.

Minjar utan bæjarstæðis

Tóft (Nr. 9 í skráningarskýrslu)

Skurður var tekinn var í óglögga tóft ofan bæjarstæðisins. Gólfið í byggingunni innihélt móösku og kol. Ef að tóftin hefur verið jafn lítil og hún virðist á yfirborði er varla um íveruhús að ræða heldur frekar reykkofta eða útihlóðir einhverskonar.

Túngarður og rétt (Nr. 8-10 í skráningarskýrslu)

Túngarðurinn sem sést greinilega í hálfboga niður frá brekkunni ofan við gamla bæjarstæðið og suður fyrir núverandi tún, er mun ógleggri þar sem hann liggur á brekkubrún ofan gamla bæjarstæðisins. Óglöggt garðlag myndar ferhyrnt hól, líklega rétt upp við garðinn. Könnunarskurðurinn sem tekinn var í gegn um túngarðinn og garðlagið bentu til að þar væri líklega um rétt að ræða og virtist hún vera jafngömull yngra byggingaskeiði túngarðsins. Vísbendingar komu fram um seinni tíma niðurgröft sem í hefur verið fleygt rusli en ekki var hægt að greina merki um yngri byggingar. Eldra byggingaskeið var greinilegt í túngarðinum en ekki voru önnur eldri byggðamerki.

Annar skurður sem tekinn var í túngarðinn sunnan bæjarhóls gaf einnig til kynna tvö byggingaskeið en nokkur tími virðast hafa liðið á milli þeirra.

Tóft geitakofa (Nr. 13 í skráningarskýrslu)

Þrír könnunarskurðir voru teknir í geitakofatóft í brekku ofan túns. Tóftin sem glöggt sést á yfirborði virðist ekki ýkja gömul en hún liggur í brekku og er nokkur upphækkun neðan hennar sem bent kynni til að þar væru eldri byggingastig. Byggingin hefur staðið í nokkrum halla en svo virðist sem að grundvöllur hússins hafi verið sléttaður með því að hlaða undir húsið að austanverðu en það að hluta grafið inn í brekkuna að vestanverðu. Ekki var hægt að greina með vissu eldri byggingastig eða aðrar byggingar undir tóftinni sem sást á yfirborði.

Umfjöllun

Þegar fornleifarannsóknin fór fram 2010 höfðu forsendur breyst nokkuð frá því að fornleifaskráningin var gerð á staðnum 2006. Gangnamunninn hafði verið færður austar og neðar í brekkuna og allar áætlanir um fjarlægð minja frá framkvæmdasvæði í skráningarskýrslunni því ógildar. Samkvæmt skráningunni átti bæjarhóllinn að vera 40m austan við útmörk eldra framkvæmdasvæðis en var kominn inn í útmörk vegskála eftir breytingarnar. Könnunarskurðir í bæjarhóli lágu því allir á framkvæmdasvæðinu eins og það var áætlað þar. Við síðustu breytingar á legu gangnanna (skv. teikningu frá Verkfræðistofu Norðurlands) færðist framkvæmdasvæðið á ný ofar í brekkuna ofan bæjarstæðisins og er mat á legu og fjarlægð minja sem hér fylgir á eftir miðuð við þær breytingar. Verði breytingar á útmörkum framkvæmdasvæðis eða aðrar breytingar sem kunna að hafa áhrif á mat á áhrifum

framkvæmdanna á minjarnar verður að endurskoða niðurstöður rannsókna í því ljósi. Eftirfarandi hugmyndir sem koma fram um mótvægisáðgerðir eru einungis tillögur þar sem að Fornleifavernd ríkisins hefur endanlegt ákvörðunarvald um til hvaða áðgerða skuli gripið.

Ljóst er að allar minjarnar sem skoðaðar voru eru innan áhrifasvæðis framkvæmdanna, mismikið þó. Rannsóknin leiddi í ljós að bærinn hefur staðið nokkurn veginn á sama stað a.m.k. frá því um eða fyrir 1100. Óvíst er hversu heillegar byggingaleifarnar eru sem liggja neðan gjósku frá 1477 en mannvistarlög þar eru þykk og svo virðist sem búið hafi verið að slétta úr hluta bæjarhólsins þegar gjóskan féll. Því er ekki hægt að fullyrða hversu heillegar byggingar kunni að leynast þar. Undir yngsta byggingaskeiðinu (bænum sem brann 1908) voru greinilega merki um eldri byggingar og kann að vera að merki um elstu byggð liggi undir húsunum þar sem þau stóðu þegar bærinn brann 1908.

Tafla 2. Fjarlægð skurða frá útmörkum framkvæmdasvæðis. Minjar merktar með rauðu munu að óbreyttu hverfa við framkvæmdirnar en minjar merktar með gulu eru innan 20m frá útmörkum framkvæmda. Aðrar minjar eru í minni hættu. Fjarlægð er gefin frá staðsetningu könnunarskurða.

Nr. minja	Númer skurðar	Lega	Fjarlægð frá framkvæmdasvæði
2	Skurður 1	Bæjarhóll	18m
2	Skurður 2	Bæjarhóll	34m
2	Skurður 3	Bæjarhóll	46m
2	Skurður 4	Bæjarhóll	26m
9	Skurður 5	Tóft, hlutverk óþekkt	13m
10	Skurður 6	Túngarður, garðlag	Á framkvæmdasvæði
8	Skurður 7	Túngarður	42m
13	Skurður 8	Tóft	Á framkvæmdasvæði
13	Skurður 9	Tóft	Á framkvæmdasvæði
3	Skurður 10	Tóft	Á framkvæmdasvæði

Tóft kofa sem lá í brekkunni neðan túngarðs um 18m ofan við bæjarstæðið er í um 13m fjarlægð frá útmörkum framkvæmdasvæðis. Merkja þyrfti tóftina á glöggan hátt til að verja hana skemmdum. Ef sýnt þykir að hún verði fyrir raski af völdum framkvæmdanna er viðbúið að gerð verði krafa um frekari rannsóknir á henni.

Umfang bæjarstæðisins var metið út frá kjarnaborun og könnunarskurðum og er svæðið sem minjarnar liggja á um 50m langt frá norðri til suðurs og um 35m langt frá austri til vesturs. Fornleifarannsóknin gefur til kynna að vestur og norður útmörk bæjarhóls hafi legið þar sem þau eru sýnd á uppdrætti (sjá aftast í skýrslu). Norðvesturhorn bæjarstæðisins er sá hluti þess sem liggur næst útmörkum framkvæmdasvæðis, í um 10m fjarlægð. Leifar bæjarins sem þar stóð í byrjun 20. aldar eru hinsvegar í 26m fjarlægð. Með því að merkja, á áberandi hátt og í ríflegri fjarlægð, útmörk bæjarhólsins má e.t.v. komast hjá skemmdum á honum en þó verður að hafa í huga að sá möguleiki er alltaf fyrir hendi að minjar kunni að leynast ofar í hlíðinni. Sé sýnt að ekki verði komist hjá röskun minja er líklegt að gerð verði krafa um frekari fornleifarannsóknir.

Aðrar minjar sem skoðaðar voru munu hverfa að hluta eða fullu við framkvæmdirnar. Um er að ræða hluta túngarðs og rétt sem legið hefur upp við hann og tóft geitakofa ofarlega í

brekkunni. Engar vísbendingar fundust um eldri byggingarleifar undir geitakofatóftinni og réttinni og óvíst hvort að frekari rannsóknir en uppmælingar og könnunarskurðir myndu bæta miklu við. Stærsti hluti túngarðsins verður óhreyfður vegna framkvæmdanna en nyrsti greinilegi hluti hans, þar sem réttin liggur upp við hann, myndir hverfa. *Ef sýnt þykir að minjar hverfi við framkvæmdir verður að sækja um leyfi til þess hjá Fornleifavernd ríkisins sem ákveður hvort og með hvaða skilmálum það er gert.*

Hér ber einnig að geta þess að eftir færslu gangnanna mun fjárhústóft verða inni á framkvæmdasvæðinu sem ekki var gerð krafa um að yrði skoðuð við rannsóknina 2010. Hér fylgir því lýsing tóftarinnar úr skráningarskýrslunni frá 2006.

Skógar 153331-78-5



Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 549602,608 N: 581549,365

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Er á fyrirhugðu framkvæmdasvæði

Heimildamaður: Svava Hermannsdóttir og Sigurður Indriðason

Staðhættir

Á túnakorti frá 1918 má sjá útihús í jaðri túnsins um 160 m frá bænum. Um 165 m norðvestur af bænum eru tóftir fjárhúss. Í úttekt á Skógum frá 1892 segir: „Lambhús út á velli” (Úttektabók Suður-Þingeyjarsýslu, 237). Líklegt getur talist, miðað við lýsingu, að Lambhúsin hafi verið þar sem síðar urðu útihús Sigurðar Helgasonar.

Lýsing

Tóftin er tvöföld, fjárhús með hlöðu, hún liggur norðaustur/suðvestur. Tóftin er um 12 m löng og um 7 m á breidd að utanmáli, dyr eru til norðausturs. Mikill gróður var í tóftinni og erfitt að greina nákvæmlega veggjalög, þó sá í grjóti í vegggleðslum. Hæð veggja er um 2 m og breidd um þrír þar sem þeir eru breiðastir. Sigurður Indriðason segir að hús þessi hafi verið í eigu Sigurðar Helgasonar sem var lausamaður á Skógum, hafði hann þar bæði fé og hesta.

Heimildaskrá

Túnakort Skóga í Hálshreppi (1918). Þjóðskjalasafn Íslands.


Úttekt á jörðum í Hálshreppi (1892). Héraðsskjalasafn Þingeyinga HRP 39-4, bls. 432-438.

Niðurlag

Minjavörður Norðurlands vestra úrskurðaði að rannsaka þyrfti útmörk bæjarstæðis og aðrar minjar utan þess í tengslum við væntanlega jarðgangnagerð í landi Skóga í Fnjóskadal. Rannsóknin var unnin í október 2010 og voru teknir alls tíu könnunarskurðir. Sökum þess hve gróður og sina eru þykk á svæðinu má búast við því að aðrar minjar kunni að leynast undir sverði sem ekki sjást á yfirborði. Verði komið niður á slíkar minjar við framkvæmdir ber að stöðva þær og tilkynna fundinn Fornleifavernd ríkisins

Fylgiskjöl

Niðurstöður borkjarna, yfirlits- og sniðteikningar



Listi yfir borkjarna:

1. **Kjarni 1 – tekinn í túni sunnan til á bæjarstæðinu**
Óhreyfður jarðvegur niður á 22sm dýpi þar sem að var um 0,2sm þykk svört gjóska. Óhreyft neðan hennar niður á 29sm dýpi en þar var um 0,5sm þykk dökk gjóska. Óhreyft niður á 36sm dýpi þar sem kom fram um 1sm þykk dökkgrá gjóska. Undir henni var rótaður jarðvegur, kolamoli og slitur af H3 á 60sm dýpi. Komið niður á óhreyft á 70sm dýpi
2. **Kjarni 2 – tekinn í brekkuna sunnan bæjarstæðisins**
Strax undir grasrót var komið niður á rótað lag með dálítilli koladreif og rótuðu torfi. Lagið náðin niður á 70sm dýpi en þar var komið niður á malarlag.
3. **Kjarni 3 – uppi á brekkunni syðst á bæjarstæðinu**
Undir grasrót var mjög ormétinn jarðvegur með torfi og smá koladreif og gjallmolum. Gjallið var neðst í laginu á um 70sm dýpi en þar var komið niður á náttúruleg jarðlög.
4. **Kjarni 4 – norðarlega á bæjarstæði**
Óhreyfður jarðvegur niður á 35sm dýpi þar sem koma fram 0,3sm þykk dökk gjóska. Á fokmold með koladreif niður á 43sm en þar var um 1sm þykk

gjóska. Rótað niður á 70sm dýpt en þar undir rótað torf með miklu af H3 niður á 1m dýpi.

5. **Kjarni 5 – nyrst á bæjarstæði**

Undir grasrót kom fram rótað ruslslag með kolum, móösku og ösku, náði niður á 36sm dýpi. undir því var moldarlag blandað mól, líklega skriða.

6. **Kjarni 6 – norður útmörk bæjarstæðis**

Fokmold niður á 36sm dýpi en þar kemur rótað moldar og malarlag niður á 57sm. Á milli 57-60sm dýpi kom fram kola og öskulag. Undir því var fokmold með móösku og koladreif niður á 80sm dýpi en þar komu fram náttúruleg jarðlög. Líklega er um að ræða jarðlög alveg í útmörkum bæjarhóls.

7. **Kjarni 7 – norðarlega á bæjarstæði**

Á 12sm dýpi var um 1sm þykk dökkgrá gjóska. Undir henni var rótað fokmoldarlag með kolum niður á 35sm dýpi þar sem var um 0,5sm þykk dökk gjóska. Undir henni var mjög rótað lag með torfi og kolum niður á 70sm en þar kom fram 2sm þétt dökkt lag, etv. gólflag. Undir því var svo rótað lag með miklu af H3 niður á 86sm dýpi en þar komu fram náttúruleg lög.

8. **Kjarni 8 – norðvestarlega á bæjarstæði**

Undir grasrót var mjög rótað moldarlag með einstaka kolamola niður á 25sm dýpi þar sem að fram kom 0,5sm þykkt svart gjóskulag. Undir laginu var rótað fokmoldar- og sandlag niður á 76sm dýpi þar var þunnt ljóst gjóskulag (líklega H1104). Neðan þess var fokmold sem í voru dálítill kol.

9. **Kjarni 9 – suðvestarlega á bæjarstæði**

Undir grasrót var mjög rótað lag með mikilli mól, mold, móösku, kolum H3 og dökkri gjösku. Lagið náði niður á 70sm. Þar fyrir neðan voru náttúruleg lög.

10. **Kjarni 10 - fyrir miðju bæjarstæðis, sunnarlega**

Undir grasrót og niður á 60sm dýpi var mjög rótað mannvistarlag með kolum, beinum og timburleifum. Á 60sm dýpi var komið niður á H3 óhreyfða.

11. **Kjarni 11 – fyrir miðju bæjarstæðis, sunnan til**

Undir grasrót kom fram mjög rótað moldarblandið mannvistarlag, ekkert torf samt. Á 36sm dýpi var komið niður á stein.

12. **Kjarni 12 – austast á bæjarstæði, norðanverðu**

Undir grasrót var mjög rótað moldarlag með smá kolum. Lagið náði niður á 67sm dýpi. Þar kom fram gráleit gjóska (H1300). Undir gjóskunni var moldarlag með koladreif niður á 90sm dýpi. Þar kom fram 0,2sm þykk ljós gjóska (H1104). Undir henni var dálítill koladreif niður á 100sm dýpi.

13. **Kjarni 13 – á miðju bæjarstæði, norðarlega**

Undir grasrót á 10sm dýpi er kolasmituð mold með gjallmolum niður á 48sm dýpi en þar stoppaði borinn á gjalllagi.

14. **Kjarni 14 – fyrir miðju bæjarstæðis**

Undir grasrót kom rótað torf niður á 27sm dýpi. Þar kom fram rótað mannvistarlag með kolum og dálitlu af brenndum dýrabeinum. Það náði niður á 45sm dýpi. Neðan þess niður á 90sm dýpi var mjög rótuð dökk mold með dálitlu af kolum og brenndum dýrabeinum.

15. **Kjarni 15 – sunnan til í bæjarstæði**

Undir grasrót var óhreyfður jarðvegur niður á 40sm dýpi en þar kom fram torf sem í var H3 og dökkgrænleitri gjósku niður á 70sm dýpi. Neðan þess voru náttúruleg lög.

16. Kjarni 16 – sunnan og austan til á bæjarstæði

Undir grasrót var mjög rótuð mold með kolum niður á 67sm. þar var 5sm þykkt kolalag en óhreyft neðan þess.

Tafla 3. Staðsetning borkjarna..

Númer kjarna	Norðun	Austun
Kjarni-1	549.654,169	581.438,302
Kjarni-2	549.654,375	581.449,017
Kjarni-3	549.655,405	581.457,878
Kjarni-4	549.638,302	581.499,502
Kjarni-5	549.637,890	581.505,065
Kjarni-6	549.638,302	581.511,247
Kjarni-7	549.629,854	581.495,175
Kjarni-8	549.638,508	581.493,938
Kjarni-9	549.630,884	581.469,829
Kjarni-10	549.641,393	581.470,447
Kjarni-11	549.650,460	581.471,478
Kjarni-12	549.660,557	581.492,290
Kjarni-13	549.650,872	581.492,084
Kjarni-14	581482,311	549650,717
Kjarni-15	581462,090	549645,794
Kjarni-16	581471,157	549660,667

Gripaskrá - Skógar 2010


bjs. Nr.	nr.	Dags.	Starfsm.	Svæði	Lag (context)	Efni	Tegund	Fjöldi	Vigt (g.)	Athugasemd	Ljósm.
2010-60	1	20.10.2010	GSS	skurður 1	20	líklega Kvarítskífa (e. quartz schist)	Brýni	1	82	Brýnið er 3,5x10sm og um 1 sm þykkt	IMG_3224-26
2010-60	2	20.10.2010	GSS	skurður 1	19	Gjall	sýni	1	35		IMG_3227-29
2010-60	3	21.10.2010	BZ	skurður 4		keramik	hanki af bolla?	1	7	Hvítur mattur fínkornóttur leir með dökkum glerungi. Hankinn er í þremur pörtum.	IMG_3220-23
2010-60	4	21.10.2010	BZ	skurður 4		keramik	brot af bolla?	1	11	Hvítglær mjög fínkornóttur leir með glærum glerung, skreyttur að utan með bleiku blómi, og grænu laufi á brúnum stilk.	IMG_3216-19
2010-60	5	21.10.2010	BZ	skurður 4		keramik	brot af íláti	1	5	Hvítur- kremlitur mattur fínkornóttur leir, með hvítum glerung og grænu þrykktu mynstri. Skreytingin er á kúptri hlið brotsins en óvíst af hverskyns íláti það er. Svo virðist sem brotnað hafi útfrá litlu gati sem hafi verið á ílátinu, 2mm í þvermál.	IMG_3216-19
2010-60	6	21.10.2010	BZ	skurður 4		keramik	brot af íláti	1	0	Hvítur- kremlitur fínkornóttur mattur leir, með hvítum glerung og vínráuðu mynstri á kúptu hliðinni.	IMG_3216-19
2010-60	7	21.10.2010	GZ	skurður 5		keramik	brot af íláti	1	0	Hvítur- kremlitur fínkornóttur mattur leir, með hvítum glerung, óskreytt.	IMG_3216-19
2010-60	8	21.10.2010	BZ	skurður 4		keramik	brot af íláti	1	0	Kremlitur fínkornóttur mattur leir, með hvítum	IMG_3216-19
2010-60	9	21.10.2010	BZ	skurður 4		keramik	brot af íláti	1	0	Kremlitur fínkornóttur mattur leir, með hvítum glerung. Brot af botni íláts.	IMG_3216-19
2010-60	10	21.10.2010	BZ	skurður 4		keramik	brot af íláti	1	0	Kremlitur fínkornóttur mattur leir, með kremlitum glerung. Brotið er slétt á kúptu hliðinni en með útstæðri rák á íhvolfu hliðinni.	IMG_3216-19
2010-60	11	21.10.2010	BZ	skurður 4		keramik	brot af íláti	1	0	Kremlitur fínkornóttur mattur leir, með ljósgráleitum glerung. Brotið hefur lent í eldi og er svart á einum endanum.	IMG_3216-19
2010-60	12	21.10.2010	BZ	skurður 4		gler	flastka	1	533	Flaska úr brúnu gleri, steypt saman á hliðum. Stúturinn hefur brotnað af.	IMG_3216-20

Teikning 1

Skógar í Fnjóskadal 18.10.2010

Skurður 1 - Norðursnið

19.10.2010 Teikn. GSS




- | | | | | |
|--------------------------|---|---|---|---|
| [1] Grasrót | [4] Rótað og fokmold yfir gjósku | [7] Rótað lag með nokkrum kolasalla | [10] Rótað rauðleitt lag með H3, koladreif og LnL | [13] Óhreyfð fokmold |
| [2] Rótaður niðurgroftur | [5] Fokmold með örlítilli mannvist undir gjósku | [8] Kolalag | [11] Torf, líklega hrun úr vegg | [14] Mjög rótað lag með miklu af H3, LnL og vott af ljósri gjósku |
| [3] Óhreyfð fokmold | [6] Dökkt rótað lag | [9] Rótað lag með torfleifum og smá kolum | [12] Rótað rauðleitt lag með flekkjum af H3, LnL og ljósri gjósku | [15] Óhreyft fokmoldarlag undir ljósri gjósku |

Teikning 2

Skógar í Fnjóskadal 16.11.2010

Skurður 2 - suðursnið

Teikn. GSS



[1] Gräsrot



[2] Niðurgröftur, mold og kol



[3] Niðurgröftur sem í fannst rúðugler og galvaniseraður nagli.



[4] Moldarlag blandað torfi og kolum og móösku



[5] Fremur lagskipt mannvistarlög, kol, torfrót, móaska



[6] Kolalag



[7] Lagskipt fokmold, koladreif og beinarusl



[8] Dökkt þjappað lag með brenndum og óbrenndum beinum og kolum



[9] Moldarlitt blandað lag með kolum, H3 og LnL



[10] Rótað torf með H3 og LnL



[11] Lagskiptara torf með H3 og LnL





[12] Dökk, lagskipt fokmold með koladreif



[13] Rótað lag með miklu af H3

Teikning 3
Skógar í Fnjóskadal 19.10.2010
 Suðursnið í skurði 3
 Teikn. GZ




- | | |
|---|--|
|  [1] Grásrót |  [6] Rótað torflag |
|  [2] Rótað, gróf mól, rusl, mold |  [7] Rótað lag með miklu af H3 |
|  [3] Rótað moldarlag með kolum, brenndum og óbrenndum beinum |  [8] Rótað lag, lagskiptara en lag [7] |
|  [4] Kolað ruslslag með viðar- og beinaleifum |  [9] Rótað lag en þó lagskiptara en lög [6-8] |
|  [5] Torfveggur með LnL |  Steinn |

Teikning 4

Skógar í Fnjóskadal 20.10.2010

Suðursnið og botn í skurði 4 í bæjarhóli

Teikn. GZ



[1] Grasrót



[2] Rótað lag með torfi, rusli, brenndum viðaleifum



[3] Torfveggur, rauðleitt mýrartorf með dökkgrárrí gjósku



[4] Þétt lag með ösku og rótuðu torfi



[5] Rótað torflag með kolum



[6] Þétt dökkt lag með miklu af kolum



[7] Niðurgröftur undir mögulegu eldstæði með kolum og ösku



[8] Smátt eldsprengt grjót efst í kolalagi



[9] Mjög þétt, dökkt og feitt góflag



[10] Rótað torf efst en lagskiptara neðst




Steinar

Teikning 5

Skógar í Fnjóskadal 19.10.2010

Vestursnið í skurði 5 - tóft neðan túngarðs

Teikn.GZ



[1] Grasrót




[5] Ruslallag með
kolum, ösku og
móösku



[2] Rótað lag með
torfleifum, H3 og
grárri gjósku



[6] Rótað torflag



[3] Torfhrun úr
vegg



[7] Svart, þétt l
góflag



[4] Niðurgroftur




Steinn

Teikning 6

Skógar í Fnjóskadal 20.10.2010

Suðursnið skurð 6 - í túngarð og rétt

Teikn. GSS




Teikning 7

Skógar í Fnjóskadal 19.11.2010

Suðursnið í skurð 7 - túngarð

Teikn. GZ



[1] Grasrót



[5] Óhreyft fokmoldarlag yfir
dökkri gjósku



[2] Óhreyft dökkt lífrænt
lag



[6] Óhreyfð fokmold undir
dökkri gjósku



[3] Hrun úr torfvegg



[7] Torfveggur með linsum
af H3




[4] Torfveggur með dökkri
gjósku

Teikning 8

Skógar í Fnjóskadal 21.10.2010

Norðursnið í skurð 8 í geitakofa

Teikn. GZ



[1] Grasrót

[2] Óhreyfð fokmold


[3] Rótuð mold með
H3 og torfflekkjum



[4] Hrun úr torfvegg
rauðleitt torf með H3

[5] Rótað gulleitt torf
með H3 og LnL

[6] Niðurgroftur með
rótuðum jarðvegi,
mikið af H3

Teikning 9
Skógar í Fnjóskadal 21.10.2010
 Vesturnsið skurðar 9 í geitakofatóft
 Teikn. GSS




- | | | | |
|---|--|---|---------------------------------|
|  | [1] Grásrót |  | [5] Rótað moldarlag |
|  | [2] Óhreyfð fokmold |  | [6] Lagskipt torf undir vegg |
|  | [3] Hrun úr torfvegg |  | [7] Rótað lag með örlitlu af H3 |
|  | [4] Torfveggur með H3 og dökkri gjósku |  | [8] Rótað lag með miklu af H3 |

Teikning 10

Skógar í Fnjóskadal 21.10.2010

Suðursnið skurðar 10 í geitakofatóft


Teikn. GSS



[1] Grasrót



[4] Hrun úr torfvegg



[2] Fokmold



[5] Gólf, lífrænt,
lagskipt



[3] Torfveggur sem
hefur hrunið til austurs



[6] Mjög rótað lag,
með torfi og H3